



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

VEL2020040026

RÁ/kg

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sérstaka stuðningsþjónustu fyrir börn alkóhólista – R19110180

Þann 30. apríl 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í borgarráði svohljóðandi tillögu:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill gera aðra tilraun að leggja fram tillögu um að velferðaryfirvöld stofnsetji stuðningsþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar fyrir börn alkóhólista í svipaðri mynd og rekin hefur verið á vegum SÁÁ. Tillagan er lögð fram aftur vegna uppsagna sálfræðinga hjá SÁÁ sem m.a. sinntu þjónustu við börn alkóhólista og vímuefnaneytenda. Tillagan var áður lögð fram 16. nóvember en vísað frá. Börnum alkóhólista og vímuefnaneytenda hefur aðallega verið sinnt af sálfræðingum SÁÁ og hefur ávallt verið langur biðlisti eftir þjónustunni. Nú er engin sértæk þjónusta lengur í boði fyrir börn alkóhólista og vímuefnaneytenda vegna uppsagna sálfræðinga hjá SÁÁ. Úrræði af þessu tagi þarf að vera til og standa öllum börnum alkóhólista og vímuefnaneytenda til boða án tillits til hvort barn búi hjá foreldrinu sem glímir við sjúkdóminn eða hefur umgengni við það, einnig án tillits til hvort þau eru sjálf metin í áhættuhópi eða ekki. Ekki ætti að vera þörf á tilvísun í úrræðið. Stuðningsþjónustunni yrði jafnframt ætlað að styðja við foreldrana með ráðgjöf og fræðslu eftir atvikum.

Umsögn:

Reykjavíkurborg hefur verið með samstarfssamning við SÁÁ frá árinu 2008 þar sem meðal annars börnum alkóhólista er tryggð sálfræðiþjónusta endurgjaldslaust á grundvelli tilvísunar og ákvæða í samningi. Hefur þetta reynst börnum vel og hefur SÁÁ þróað þessa þjónustu við börn um áraraðir. Þeir sem geta fengið þjónustu eru aldrinum 8 – 18 ára. Samkvæmt upplýsingum frá SÁÁ voru 39 börn sem fengu þjónustu árið 2019 sem mættu í alls 135 skipti. Það sem af er árs 2020 eru 7 börn sem hafa fengið þjónustu í alls 39 viðtölum. Í viðauka við samning SÁÁ er gert ráð fyrir að allt að 45 börn fái þjónustu í alls 8 skipti á ári. Ekki voru tekin viðtöl frá lok mars til 11. maí sl. vegna Covid-19 faraldurs. Umræddar uppsagnir sálfræðinga hjá SÁÁ náðu ekki til þessara þjónustu og hafa auk þess verið dregnar til baka. Gert er ráð fyrir 1,5 stg. sálfræðinga hjá SÁÁ til að bjóða upp á þjónustu við börn.

Auk ofangreindrar þjónustu er velferðarsvið með samning við Foreldrahús, þar sem börn og fjölskyldur þeirra fá þjónustu í formi viðtala og/eða hópstarfs. Þjónustan er niðurgreidd fyrir Reykvíkinga en notendur þjónustumiðstöðva/barnaverndar fá þjónustuna endurgjaldslaust á grundvelli samnings.

Velferðarsvið veitir auk þess stuðning og ráðgjöf í formi viðtala og hópstarfs á þjónustumiðstöðvum/barnavernd, þar sem oft er um að ræða ofangreindan hóp sem m.a. fær aðstoð við að vinna úr líðan og tilfinningum sem bærast með þeim eins og réttilega kemur fram í greinagerð.

Regína Ásvaldsdóttir
Sviðsstjóri

Fylgiskjal: